

bænda
FERÐIR

SEIÐANDI SARDINÍA & KORSÍKA



2. – 16. september 2026

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Sumar 25
Ítalía | Frakkland

Ferðalýsing

Glæsileg eyjaferð til **Korsíku** og **Sardiníu** þar sem við ferðumst í stórbrotinni náttúrufegurð og njótum menningar og sólskinsdaga. Hér er fjölbreytilegt landslag, einar fallegustu strendur Miðjarðarhafsins, tær sjór, hellar og víkur. Báðar eyjar eiga sér merkilega sögu og ríka menningararfleifð. Ferðin byrjar við **Marina di Grosseto** ströndina á Ítalíu og við siglum yfir á frönsku eyjuna **Korsíku** til hinnar litríku borgar **Bastia** sem er næststærsta borg Korsíku. Ekið verður um árdalinn **Tavignano** til **Corte** sem var höfuðborg Korsíku þegar hún fékk sjálfstæði og er enn kölluð leynihöfuðborg Korsíku. Við upplifum höfuðborgina **Ajaccio** en íbúar hennar fullyrða að hún standi við fallegasta flóa veraldar. Það er ævintýrlegt að aka um rauðu **Calanche granítklettana** en fegurðin þar er óviðjafnanleg. Við komum einnig í strandbæinn **Porto** sem stendur við samnefndan flóa og ökum milli 2000 m hárra, rauðra fjalla um **Spelunca** gilið. Virkisbærinn **Bonifacio** er einn af perlum eyjunnar en hann trónir uppi á 80 metra háum kalksteinskletti og þaðan siglum við síðan yfir á töfrandi eyjuna **Sardiníu**. Blær miðalda umvefur okkur í borginni **Alghero** og þaðan siglum við að **Neptun** helli. Fegurðin lætur ekki á sér standa í miðaldabænum **Castelsardo** og við höfðann **Capo Caccia** á norðvesturströnd eyjunnar. Stórkostlega **Costa Smeralda** ströndina bíður okkar með huggulega strandbænum **Porto Rotondo** og fjallaborpinu **San Pantaleo**. Við upplifum fjallafegurð **Barbagia** hálendisins og förum til bæjarins **Orgosolo** en hann er einna þekktastur fyrir fjölbreytilegar veggmyndir. Þar njótum við einnig hressingar að hætti hjarðmanna með söng og dansi. Endum þessa glæsilegu ferð á siglingu yfir til Livorno og förum þaðan í yndislega bæinn **San Gimignano** sem komin er á heimsminjaskrá UNESCO. Því næst verður haldið til sögufrægu borgarinnar **Arezzo** í Toskana héraði þar sem við gistum síðustu nóttina.

15 dagar | 14 nætur

1 nótt Marina di Grosseto | 1 nótt Bastia | 4 nætur Ajaccio |
4 nætur Alghero | 2 nætur Costa Smeralda | 1 næturferja til Livorno | 1 nótt Arezzo



2. september | Flug til Rómar & Marina di Grosseto

Brottför frá Keflavík kl. 07:50 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Róm kl. 14:35 að staðartíma. Ekið verður til ítölsku borarinnar Grosseto þar sem gist verður fyrstu nóttina á hóteli 150 m frá Marina di Grosseto ströndina. Á hóelinu eru tvær sundlaugar.

3. september | Sigling frá Livorno til Bastia á Korsíku

Dagurinn hefst á á góðum morgunverði og rólegheitum í Marina di Grosseto. Síðan verður stefnan tekin á Livorno en þaðan siglum við á Miðjarðarhafinu til frönsku eyjunnar Korsíku og komum að í Bastia. Þessi litríka og skemmtilega barokkborg er næststærsta borg Korsíku. Bastia var fyrrum höfuðborg eyjunnar til ársins 1811. Borgin er afar



falleg og hefur að geyma margar glæsilegar byggingar. Á Saint Nicolas torginu slær hjarta íbúanna en þar hittast þeir til að sýna sig og sjá aðra. Gist verður í nágrenni borgarinnar í eina nótt.

4. september | Árdalurinn Tavignano, Corte & Ajaccio

Kveðjum Bastia eftir góðan morgunverð og nú hefjumst við handa við að skoða þessa heillandi eyju. Landslagið er ótrúlega fjölbreytilegt, draumfagrar strendur, grænir dalir, þykkir skógar og skínandi tindar. Við byrjum á að aka með austurströnd eyjunnar framhjá Aléria um árdalinn Tavignano sem er paradís göngugarpa. Förum því næst áleiðis til Corte sem var höfuðborg eyjunnar þegar Korsíka fékk sjálfstæði undir stjórn Pasquale Paoli og er enn kölluð leynihöfuðborg Korsíku. Bærinn er skemmtilegur bær í fjallshlíð með litlum þröngum götum. Yfir bænum trónir Zitadella virkið á kletti. Farið verður í stutta skoðunarferð og frjáls tími verður til að fá sér hressingu og kynna sér líf bæjarbúa. Áfram er haldið um skógarsvæði Col de Vizzavona að höfuðborg eyjunnar, Ajaccio, þar sem gist verður í fjórar nætur í nágrenni borgarinnar.



5. september | Skoðunarferð um Ajaccio, Napóleons safnið & frjáls tími



Eftir morgunverð verður ekið inn í Ajaccio, fæðingarborgar Napóleons Bonaparte. Þar förum við í skemmtilega og áhugaverða skoðunarferð og skoðum safnið hans Napóleons og einnig verður frjáls tími til að kanna borgina á eigin vegum. Borgin er mjög lífleg en fegurðin og veðursældin við Ajaccio flóa laðar fjölda ferðamenn að ár hvert.

Jafnframt fullyrða heimamenn að þeir eigi fallegasta flóa í heimi. Mikill miðjarðarhafsblær er á bænum og standa pastellitaðar byggingar í hlíðunum milli þröngra stræta.

6. september | Les Calanche & Spelunca gilið

Einn af hápunktum ferðarinnar er á dagskrá í dag en nú verður ekið með strandlengjunni til Les Calanche de Piana en þar hafa sól, rigning og vindur sorfið sannkallaðan töfraheim stórbrotinna klettamynda í 350 m hæð yfir sjó. Við skoðum klettana í stuttri gönguferð og njótum útsýnisins yfir Porto flóann. Staldrað verður við í smábænum Porto við undurfagra vík þar sem hægt er að fá sér hressingu. Eftir það verður ekið um Spelunca gilið sem liggur milli 2000 m hárra rauðra fjallanna og að stutt í fjallaþorpinu Evisa á leið okkar aftur á hótelið.



7. september | Dekurdagur í Ajaccio

Nú er tilvalið að slaka á í rólegheitum við hótelið, sleikja sólina við sundlaugargarð hótelsins eða fara í gönguferð. Hægt er að fara með lest eða strætisvagni inn til Ajaccio sem er í u.þ.b. 3,5 km fjarlægð frá hóteli okkar. Mikið er af huggulegum verslunum og kaffihúsum í bænum og gaman er að röлта eftir pálmum skryddri strandlengju bæjarins. Einnig er hægt að ganga niður að baðströndinni sem er í 600 m fjarlægð frá hóteli okkar eða nota aðstöðuna við hótelið.

8. september | Bonifacio & Alghero á Sardiníu

Þetta verður töfrandi og skemmtilegur dagur. Við kveðjum Korsíku seinna í dag og ökum fagra leið suður til Bonifacio, einnar perlu eyjunnar sem trónir upp á 80 metra háum kalksteinskletti. Þetta er heillandi miðaldabær með mjóum götum, virkisveggjum og gömlum turnhúsum. Byrjum á að taka litla lest upp í bæinn en síðan verður farið í skemmtilega skoðunarferð og njótum þess að vera á þessum undurfagra stað. Útsýnið er ólýsanlega fallegt frá borginni á klettótta kalkströndina og þaðan yfir til Sardiníu. Eftir yndislegan tíma verður ferja tekin yfir til Santa Teresa þaðan sem ekið verður til spænsku borgarinnar Alghero þar sem gíst verður fjórar nætur á hóteli.



9. september | Skoðunarferð í Alghero & frjáls tími



Í dag ætlum við að eiga góðan dag í virkisbænum Alghero. Hann er norðvestan megin á Sardiníu í Sassari héraði og er vafalaust einn sá fallegasti og skemmtilegasti á eyjunni. Alghero tilheyrði um tíma konungsríki Aragons frá Spáni. Katalónar gáfu bænum þetta nafn og katalóníska er opinbert tungumál eyjarskeggja. Við höldum

í skemmtilega skoðunarferð um helstu staði og að henni lokinni er upplagt að fá sér hressingu og skoða sig betur um á eigin vegum í bænum sem iðar af mannlífi. Það eru víða kóralverkstæði sem gaman er að líta inn á en borgin er víðfræg fyrir skartgripi úr rauðum kórölum.

10. september | Ævintýrleg sigling í Neptúnusar hellir

Þessi ljúfi dagur byjar á stuttri göngu inn í Alghero en þaðan verður farið í ævintýrlega siglingu að Neptúnusar helli. Hann er meðal stórkoslegustu sjávarhella Miðjarðarhafssvæðisins og að koma þangað er einstök upplifun. Talið er að hellirinn hafi myndast fyrir um tveimur milljónum ára. Inni í honum er heillandi sjónarspil dropasteina, ljómandi hvítrar sandstrandar og risastórs neðanjarðar vatns. Eftir siglinguna er fjáls tími í Alghero fram að kvöldverði.



11. september | Castelsardo & Capo Caccia

Í dag heimsækjum við fagra miðaldabæinn Castelsardo í Sassari héraðinu. Á leiðinni þangað verður stoppað við Rocca dell' Eleante, eða Fílaklettinn. Bærinn Castelsardo var reistur árið 1102 af Doria fjölskyldunni frá Genúa, sem var ein sú valdmesta á sínum tíma, en þau stjórnðu mörgum landsvæðum bæði á landi og á eyjunum í Miðjarðarhafi. Við förum í skemmtilega skoðunarferð í bænum og göngum um þröngar, litlar göturnar í elsta hluta bæjarins. Eftir skoðunarferð verður frjáls tími til að fá sér hressingu. Næst verður ekið með Capo Caccia, sem er tilkomumikill höfði á norðvesturströnd Sardiníu, en hann hefur löngum verið mikilvægt kennileiti sjófarenda við Sardíníu. Hér er heillandi landslag, stórkostlegt

útsýni og mikil saga en mannvistarleyfar allt aftur til seinni hluta steinaldar hafa fundist í hellunum við höfðann. Í sjónum úti fyrir eru góð veiðisvæði og það er rótgróin hefð fyrir fiskveiðum við höfðann í gegnum árpúsundir. Í lok dags heimsækjum við ólífur- og vínbónda í nágrenni Algher.



12. september | Barbagía, Orgosolo, hjarðmanna veisla & Costa Smeralda

Nú kveðjum við Alghero eftir yndislega daga. Stefnan er tekin á Costa Smeralda ströndina en á leiðinni umvefur okkur fjallafegurð Barbagía hálendisins. Þar er rík hefð fyrir hjarðmennsku og sauðfjárrækt og framleiðsla er stór þáttur í lífi þeirra sem hér búa. Hér hefur verið ræktað sérstakt sauðfjárkyn í árpúsundir og heimamenn eru mjög stoltir af Pecorino Sardo ostinum sem þeir framleiða. Við komum til bæjarins Orgosolo sem er þekktastur fyrir fjölbreytilegar veggmyndir eða Murales sem finna má á húsum bæjarins. Þessi vegglistaverk veita innsýn í daglegt líf og skoðanir íbúanna en upphafið að þessum teikningum er frá árinu 1968 þegar leiklistarhópur frá Mílanó hélt sýningu í bænum. Að skoðunarferð lokinni verður boðið upp á hádegisverð að hætti hjarðmanna með þjóðlagasöng og dansi en þessi stund er mikil upplifun og alltaf mjög skemmtileg. Við tökum síðan stefnuna á Costa Smeralda ströndina sem er rómuð fyrir fegurð, þar verður gist í tvær nætur.



13. september | Frjáls dagur við Costa Smeralda ströndina

Rólegheit og slökun er á dagskrá okkar í dag við Costa Smeralda ströndina. Nú er upplagt er að njóta aðstöðunnar við hótelið og baða sig í náttúruvegurð staðarins. Tilvalið er að fara í göngu með ströndinni eða taka sundsprett í sjónum.

14. september | San Pantaleo, Porto Rotondo, Porto Cervo & næturferja



Í kvöld kveðjum við þessa stórkostlegu eyju Sardiníu eftir ljúfa daga en framundan er skemmtilegur dagur á eyjunni. Við höldum í dagsferð eftir gullinni Costa Smeralda ströndinni, þar sem sægrænt hafið ber við sjóndeildarhringinn og loftið ilmar af macchia gróðri. Við ökum til fjallabæjarins San Pantaleo, listamannabæ með rómverskum minjum, kirkju og híbýlum

hirðingja frá miðöldum sem kölluð eru Stazzi. Porto Rotondo sem er huggulegur strandbær við kyrrláta vík og eftir góða stund þar verður haldið áfram til Porto Cervo, hins heimspekta og vinsæla ferðamannabæjar. Porto Cervo var stofnaður árið 1962 af Karim Aga Khan IV sem lúxus sumardvalarstaður. Hér er fagurt um að lítast, kristaltær sjór og hvítar strendur með glæsilegum sumarhúsum og lúxusverslunum. Porto Cervo hefur laðað að ýmsar stjörnur yfir sumarmánuðina til að njóta bæði slökunar og skemmtunar, þar með talið meðlimi evrópskra konungsfjölskyldna. Hér gefum við okkur góðan tíma til að njóta dýrðarinnar. Það er upplagt að setjast niður, fá sér hressingu og njóta staðar og stundar. Um kvöldið verður siglt með næturferju frá Golfo Aranci til Livorno. Á ferjunni bíður okkar sameiginlegur kvöldverður.

15. september | Sigling til Livorno, San Gimignano & Arezzo



Morgunverður verður snæddur á skipinu áður en lagt er að bryggju í hafnarborginni Livorno á Ítalíu. Við byrjum á að koma við í yndislega bænum San Gimignano en hann er á heimsminjaskrá UNESCO. Í San Gimignano hefur byggingarlist miðalda varðveist og þekktustu byggingarnar eru turnar sem byggðir voru af auðugum fjölskyldum á miðöldum til að þær gætu sýnt veldi sitt. Upprunlega voru turnanir 72 en þeir sem eftir standa setja mikinn svip á þorpið, enda er það stundum kallað Manhattan miðalda.

Það er víðfrægt fyrir sitt ágæta hvítvín, Vernaccia di San Gimignano, sem hefur verið framleitt síðan á 13 öld. Og hér er einnig besti ís í heimi, að mati heimamanna. Því næst verður haldið til sögufrægu borgarinnar Arezzo í Toskana héraði þar sem miðaldablær leikur um okkur og sannarlega má segja að þetta sé ein af listamannaborgum Ítalíu. Þar bíður okkar meðal annars glæsilega Piazza Grande torgið og dómkirkja heilags Donato. Á rölti okkar um verslunarstræti Arezzo eru áberandi verslanir gullsmíða og skartgripasala en þeim ber að þakka fyrir velmegun borgarinnar. Það verður gefin frjáls tími inn á aðaltorgi borgarinnar og er þá upplagt að fá sér hressingu og kanna borgina á eigin vegum áður en ekið verður á hótél í útjaðri borgarinnar þar sem gist verður síðustu nóttina.



16. september | Heimflug frá Róm

Nú líður að lokum þessarar frábæru ferðar. Brottför frá Rómar flugvelli kl. 15:45 og landing í Keflavík kl. 18:35 að staðartíma.



Verð

699.900 kr. á mann í tvíbýli | 94.300 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hótelum.
- ✓ Dagsferja, 4 tímar frá Livorno til Bastia.
- ✓ Næturfjerja frá Golfo Aranci til Livorno með kvöld- og morgunverði.
- ✓ Stutt ferju sigling frá Bonifacio yfir til Sardeníu.
- ✓ Hjarðmanna veisla í Orgosolo.
- ✓ Heimsókn til ólífú- og vínbónda í Alghero.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Sigling í helli Neptúnusar verð u.þ.b € 33,00 á mann.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Hótel

- ✓ Marina di Grosseto – Hotel Terme Marine Leopoldo
- ✓ Bastia svæðið – Hotel San Lucianu
- ✓ Ajaccio svæðið – Hotel Campo dell'Oro
- ✓ Alghero svæðið – Hotel Calabona
- ✓ Costa Smeralda ströndin – nánari upplýsingar síðar
- ✓ Næturfjerja frá Aranci til Livorno
- ✓ Arezzo – BW Etrusco Arezzo Hotel



Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.